

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

Forgangslisti 2022-2024

Uppfærsla og framlenging á gildistíma forgangslista 2022-2023 fram á mitt ár 2024 eða til loka skipunartímabils núverandi framkvæmdastjórnar ESB.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Fjármálastarfsemi	4
Sjálfbærar fjárfestingar	4
Innstæðutryggingar	4
Innri markaðurinn	4
Tillögur og gerðir tengdar nýrri stefnumörkun ESB á innri markaðinum [Nýtt]	4
Ráðstafanir til að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi.....	5
Jafnréttismál.....	5
Kynjajafnréttisáætlun.....	5
Loftslags- og umhverfismál	5
Kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri (CBAM)	5
Losun frá flugstarfsemi (ETS-kerfið)	6
Losun frá starfsemi nýrra geira (sjóflutningar, byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður) (ETS-kerfið)	6
Losun og kolefnisbinding sem tengist landnotkun og skógrækt (LULUCF)	7
Árleg losunarúthlutun (ESR)	7
Vottunarramma sambandsins vegna fjarlægingar kolefnis (Union Carbon removal certification framework) [Nýtt]	8
Kolefnishlutlaus iðnaður (Net Zero Industry Act) [Nýtt]	8
Mikilvæg hráefni (Critical Raw Materials Act) [Nýtt]	9
Hreinsun á skólpi frá þéttbýli [Nýtt].....	9
Heilbrigðismál	10

Endurskoðun á mannalyfjalöggjöf.....	10
Næringarmerkingar matvæla	10
Sýklalyfjaónæmi	11
Orkumál	11
Raforkumarkaðsmál.....	11
Orkunýtni.....	13
Orkunýtni bygginga.....	13
Eftirlits- og stjórnunarkerfi	14
Endurnýjanlegir orkugjafar.....	14
Sjálfbært flugeldsneyti.....	15
Peningaþvætti	15
Miðlægur eftirlitsaðili aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu	15
Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning	16
Fjölmíðlafrelsi	16
Samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2021-2027.....	17
Samgöngumál	17
Flutningar með hópbifreiðum milli landa.....	17
Upplýsingatæknimál	18
Stafræn starfsskrá	18
Stafrænir markaðir	18
Gervigreind.....	18
Vinnumarkaðurinn	19
Almannatryggingar.....	19
Lágmarkslaun	19

Formáli

Forgangslisti vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) hefur verið gefinn út að jafnaði með tveggja ára millibili frá árinu 2016 og var síðasti listi gefinn út árið 2022 með gildistíma út árið 2023.

Kosningar til Evrópuþingsins fara fram 6.-9. júní nk. og marka kosningarnar jafnframt lok skipunartímabils núverandi framkvæmdastjórnar Ursulu von der Leyen. Verður ný framkvæmdastjórn ESB skipuð í framhaldi af kosningunum og munu kosningarnar og úrslit þeirra hafa mikil áhrif, bæði á skipan næstu framkvæmdastjórnar sem og á stefnumörkun af hálfu hennar og þar með á löggjafarstarfsemi innan sambandsins á næstu árum. Munu efni stefnumörkunar og lagasetningaráform nýrrar framkvæmdastjórnar ESB móta línurnar, eins og endranær og eðli málsins samkvæmt, er kemur að ákvörðun íslenskra stjórnvalda um forgangsöröðun verkefna við hagsmunagæslu af hálfu Íslands gagnvart ESB á næsta fimm ára kjörtímabili Evrópuþingsins.

Með hliðsjón af framangreindu hefur verið ákveðið annars vegar að næsta heildarendurskoðun á forgangslistanum muni miðast við upphaf skipunartímabils næstu framkvæmdastjórnar ESB, sem vænta má að verði fullskipuð um mitt ár 2024 eða næsta haust, og hins vegar að frá og með þeirri heildarendurskoðun muni gildistími forgangslistans taka mið af skipunartímabili framkvæmdastjórnar ESB og að næsta heildarendurskoðun þar á eftir eigi sér stað þegar skipunartímabilið er hálfnað. Þannig verði forgangslistinn endurskoðaður í heild sinni að jafnaði á tveggja og hálfis árs fresti en uppfærður þess á milli ef nauðsyn krefur eða ef tilefni þykir til. Ekki er gert ráð fyrir að árangur við framkvæmd listans fyrir endurskoðun verði sérstaklega metinn heildstætt en að unnið verði árangursmat fyrir listann í heild sinni við lok gildistíma hans eins og áður hefur verið gert.

Gildandi forgangslisti endurspeglar þau málefni og löggjafartillögur sem núverandi framkvæmdastjórn hefur sett á oddinn. Ýmsar tillögur hafa þegar náð fram að ganga á meðan aðrar eru enn til umfjöllunar í Evrópuþinginu og í ráðherraráði ESB eða eftir atvikum óframkomnar. Eins og sjá má af starfsáætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2024 sem birt var 17. október 2023 verður á komandi mánuðum og fram að kosningunum til Evrópuþingsins lögð áhersla á að ljúka framfylgd fyrirbyggjandi stefnumála og afgreiðslu löggjafartillagna enda þótt þar sé vitaskuld einnig horft lengra fram í tímann og ýmis ný stefnu- og löggjafaráform sett fram sem nauðsynleg eru til að svara kröfum samtímans.

Hefur fyrirbyggjandi forgangslisti nú verið *uppfærður*, í samvinnu allra ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með hliðsjón af framangreindu. Ný mál hafa verið tekin inn og önnur felld út í samræmi við stöðu þeirra í lagasetningarferlinu hjá ESB og með hliðsjón af hagsmunum Íslands. Uppfærð drög að lista voru kynnt í Samráðsgátt 29. nóvember sl. með frest til athugasemda til 9. janúar sl. Hefur verið tekið tillit til þeirra umsagna sem bárust við uppfærslu listans.

Með uppfærslunni nú er gildistími listans jafnframt *framlengdur* til loka skipunartímabils núverandi framkvæmdastjórnar.

Eins og rakið er í formála núgildandi forgangslista endurspeglar hann bæði mál sem eru á undirbúnings- eða forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB og mál sem þegar hafa verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðherraráð ESB til umfjöllunar. Í einstaka tilfellum eru mál á listanum þar sem reglur hafa verið settar innan ESB en huga þarf sérstaklega að upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn, t.d. með því að fara fram á aðlaganir. Við gerð listans og uppfærslu hans nú var meðal annars lögð til grundvallar áætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árin 2019-2024 og árlegar starfsáætlanir hennar, nú síðast starfsáætlun fyrir árið 2024 sem vísað er til að framan. Sjá nánar um forgangsöröðunina í formála forgangslista 2022-2023.

Fjármálastarfsemi

Sjálfbærar fjárfestingar

Í áætlun framkvæmdastjórnar ESB um fjármögnun sjálfbærs vaxtar innan sambandsins, með tilliti til umhverfis- og loftslagsmála, er meðal annars lögð áhersla á að samræma upplýsingagjöf um áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingaákvæðanir og að koma á samræmdu flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands á þessu sviði er að mótun tæknilegra matsviðmiðana ESB-flokkunarkerfisins taki nægilegt tillit til íslenskra aðstæðna, það endurspeglar á eðlilegan hátt sérstöðu landsins, svo sem með tilliti til notkunar sjálfbærra orkugjafa í atvinnustarfsemi hér á landi, og að samþykktir hlutar flokkunarkerfisins verði innleiddir tímanlega í íslenskan rétt. Hraða ætti upptöku og innleiðingu á reglugerðum ESB um sjálfbæra fjármögnun og flokkunarkerfi í nánú samstarfi við helstu hagsmunaaðila innan og utan stjórnarsýslunnar.

Ýmist samþykktar gerðir innan ESB eða í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FJR

Innstæðutryggingar

Íslenskar reglur um innstæðutryggingar byggjast á evrópsku regluverki. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands er að afla upplýsinga um málefni innstæðutrygginga, bæði um efnislegt inntak og túlkun tilskipunar 2014/49/ESB, og tillögur og lagabreytingar sem eru til umræðu og í farvatninu á vettvangi ESB. Af hálfu Íslands verður byggt á þeim sjónarmiðum sem fram koma í álitum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 29. október 2014 við upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn og innleiðingu hennar hér á landi, sbr. einnig bréf utanríkismálanefndar Alþingis frá 25. nóvember 2014, um að ekki verði í gegnum EES-samninginn tekin upp ríkisábyrgð á innstæðum og ekki verði hróflað við forgangsrétti innstæðna við slitameðferð.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FJR

Innri markaðurinn

Tillögur og gerðir tengdar nýrri stefnumörkun ESB á innri markaðinum [Nýtt]

Í kjölfar breyttrar heimsmyndar m.a. vegna COVID-heimsfaraldursins, innrásar Rússa í Úkraínu og til að standa risaveldum á borð við Bandaríkin og Kína á sporði, hefur ESB lagt áherslu á að marka sína eigin stefnu á alþjóðavettvangi og efla samkeppnishæfni innri markaðarins í iðnaði og viðskiptum, m.a. í þágu orkuskipta og grænna markmiða. Þetta tengist m.a. því sem ESB hefur nefnt opið efnahagslegt sjálfræði (e. open strategic autonomy) og er ætlað að tryggja hagvarnir og aðfangaöryggi sambandsins.

Þessi stefnumörkun birtist m.a. í þeim tillögum sem framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram að undanförunu og tengjast innri markaðinum. Meira er um nýja löggjöf á sviði iðnstefnu (e. industrial policy – s.s. *Net Zero Industry Act* og *Critical Raw Materials Act*, sjá umfjöllun í kaflanum um loftslags- og umhverfismál) og stefnumörkun sem snertir öryggismál og milliríkjavíðskipti. Þá hafa einnig verið lagðar fram tillögur að gerðum sem varða víðskipti við þriðju ríki sem teldust ekki EES-tækar í hefðbundnum skilningi en geta haft áhrif á og hafa tengingu við innri markaðinn (t.d. *Foreign Subsidies Act* og CBAM – *kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri*, sjá kaflann um loftslags- og umhverfismál). Enda þótt ákveðin rök geti verið fyrir því að þessar gerðir verði ekki teknar upp í samninginn, þarf að meta

þær út frá breiðara sjónarhorni með heildarhagsmunum Íslands í huga, m.a. að teknu tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi í átt til aukinnar áherslu á aðfangaöryggi og hagvarnir. Unnið er að greiningu tillagnanna í viðkomandi fagráðuneytum og jafnframt hefur verið stofnaður þverlægur vinnuhópur innan EFTA sem ætlað er að skoða heildarmyndina.

Ýmist samþykktar gerðir innan ESB eða í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MVR

Ráðstafanir til að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögur að nýrri löggjöf með það að markmiði að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi (e. Single Market Emergency Instrument). Tillögunum er ætlað að tryggja samræmi og samstöðu í viðbrögðum við neyðarástandi, til að tryggja frjálst flæði vara, þjónustu og fólks, að aðfangakeðjur virki sem skyldi og framboð og aðgang að vörum og þjónustu. Markmiðið með hagsmunagæslunni er að fylgjast með framgangi málsins, huga að þátttöku EFTA-ríkjanna og leitast við að tryggja að ráðstafanirnar leiði ekki til viðskiptahindrana gagnvart EFTA-ríkjunum.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MVF¹

Jafnréttismál

Kynjajafnréttisáætlun

Áherslur framkvæmdastjórnar ESB í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2025 eru m.a. að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi á grundvelli markmiða Ístanbúl-samningsins, jöfn laun fyrir sömu vinnu og bindandi reglur um launagagnsæi. Einnig er lögð áhersla á að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum og við ákvörðunartöku, jafna umönnunarábyrgð milli kynja, gæta vel að mismunandi áhrifum loftslagsbreytinga á kynin og vinna gegn fjölpætri mismunun. Markmiðið með hagsmunagæslunni er að fylgjast með framgangi og þróun jafnréttismála innan ESB, miðla þekkingu og reynslu Íslendinga í jafnréttismálum og undirbúa upptöku og innleiðingu reglna eftir því sem við á.

Ýmist samþykktar gerðir innan ESB eða í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FOR

Loftslags- og umhverfismál

Kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri (CBAM)

Reglugerð (ESB) 2023/956 fjallar um kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri CBAM (e. Carbon Border Adjustment Mechanism) og er hluti af „Fær í 55“-löggjafarpakka ESB. CBAM hefur það að markmiði að vinna gegn kolefnisleka, þ.e. þegar hætta er á að kolefnisflek starfsemi flytjist til þriðju ríkja þar sem skortur er á aðgerðum til að draga úr loftslagsáhrifum eða kolefniskostnaður er minni en innan EES. Er CBAM m.a. hugsað sem mótvægisáðgerð þegar endurgjaldslausar losunarheimildir fyrir staðbundinn iðnað innan ETS-kerfisins verði smám saman afnumdar á árunum 2026-2035. Reglugerðin gildir um vörur sem fluttar eru inn til ESB frá þriðju ríkjum og verða sett innflutningsgjöld á ákveðna vöruflokka

¹ UTN var upprunalega ábyrgt ráðuneyti en þegar efni tillögunnar lá fyrir hafi það færst til MVF.

(sement, áburður, járn og stál, ál og vetni). Gert er ráð fyrir því að reglugerðin komi til framkvæmda 2026 en aðlögunartímabil verður í gildi frá 2023-2026. EES-tæki gerðarinnar og upptaka hennar í EES-samninginn er til skoðunar. Vakta þarf vel framkvæmdagerðir sem verða settar á grundvelli CBAM-reglugerðarinnar.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við FJR og UTN

Losun frá flugstarfsemi (ETS-kerfið)

Tilskipun ESB 2023/958 er hluti af „Fær í 55“-löggjafarpakka ESB. Að teknu tilliti til markmiða Íslands í loftslagsmálum sneri hagsmunagæsla á þessu sviði, á meðan gerðin var enn í samþykktarferli hjá ESB, einkum að eftirfarandi þremur atriðum:

- Meginmarkmiðið var að koma eins og hægt var í veg fyrir að skuldbindingar sem Ísland myndi undirgangast við innleiðingu gerðarinnar leiddu til þess samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar á milli EES og Norður-Ameríku skertist samanborið við aðra evrópska flugvelli og bein flug yfir Atlantshafið eða flug frá EES sem nýtir tengiflugvelli í N-Ameríku.
- Annað markmið var að íslenskur almenningur og ferðaþjónustan tæki ekki á sig byrðar umfram það sem almennt gerist innan EES í ljósi þess að flug er nánast eini ferðamátinn frá Íslandi til annarra landa.
- Þriðja markmið var að innleiðing gerðarinnar leiddi ekki til kolefnisleka.

Sérstaklega þarf að vakta samanlögð áhrif ETS-tilskipunar hvað varðar flug og reglugerðar um sjálfbært flugeldsneyti. Enda þótt náðst hafi að tryggja sérlausnir fyrir Ísland vegna upptöku umræddra gerða í EES-samninginn, þarf áfram að vakta breytingar á ETS-tilskipuninni hvað varðar flug þar sem fyrirséðar eru örar breytingar á kerfinu hvað varðar flug á næstu árum, með tilliti til boðaðrar endurskoðunar fyrir 2026.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við IRN

Losun frá starfsemi nýrra geira (sjóflutningar, byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður) (ETS-kerfið)

Tilskipun 2023/959 er hluti af „Fær í 55“-löggjafarpakka ESB. Í tilskipuninni eru gerðar viðamiklar breytingar á tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem fela í sér að viðskiptakerfi með losunarheimildir fær aukið vægi í aðgerðum ESB en núverandi viðskiptakerfi nær yfir losun frá raforkuframleiðslu, tiltekna iðnaðarstarfsemi og flugstarfsemi innan EES. Helstu breytingar tilskipunarinnar eru:

- Losunarheimildum staðbundinnar starfsemi verður fækkað hraðar.
- Losun frá sjóflutningum verður felld undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS-kerfið). Losun frá byggingum vegna húshitunar, vegasamgöngum og frá smærri iðnaði verður felld undir nýtt sjálfstætt ETS-kerfi en losun frá því kerfi verður áfram á beina ábyrgð ríkja og bókfærð samkvæmt reglum um sameiginlega ábyrgð.

- Skilyrði endurgjaldslausrar úthlutunar til iðnaðarstarfsemi verða hert og hún afnumin í skrefum fyrir geira sem framleiða vörur sem munu heyra undir nýtt kerfi um kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri (CBAM).
- Uppboð losunarheimilda í viðskiptakerfinu munu aukast og tekjum af þeim verður að meginstefnu varið í loftslagsaðgerðir, m.a. gegnum sérstaka sjóði á vegum ESB. Breytingar eru lagðar til á reglum um nýsköpunarsjóð og nútímavæðingarsjóð. Þess skal getið að ráðherranefnd um loftslagsmál mun skoða í samstarfi við atvinnulífið, hvernig tekjum af sölu uppboðsheimilda í ETS-kerfinu verði varið í þágu þess að hraða orkuskiptum.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við IRN

Losun og kolefnisbinding sem tengist landnotkun og skógrækt (LULUCF)

Fyrir liggur reglugerð (ESB) nr. 2023/839 um breytingu á reglugerð ESB 2018/841 sem fjallar um skuldbindingar og uppgjorsreglur vegna losunar og bindingar frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (e. Land use, land use change and forestry – LULUCF) sem er hluti af „Fær í 55“ löggjafarpakka ESB. Aðildarríki fá samkvæmt uppfærðri reglugerð markmið um samdrátt í nettó-losun frá LULUCF flokkum fyrir 2030. Frá og með árinu 2031 á að sameina í nýjan flokk, landsflokk (e. land sector) losun og bindingu frá LULUCF með losun metans og nituroxíðs frá landbúnaði. Gert er ráð fyrir því að landsflokkur fyrir ESB í heild sinni sé kolefnishlutlaus á árinu 2035. Um er að ræða mjög stórt hagsmunamál fyrir Ísland og fyrirséð er að kröfur samkvæmt gerðinni verði verulegar á Íslandi vegna þess hve landið er stórt en fámennt. Útfærsla innleiðingarinnar getur haft afgerandi áhrif á hverjar skuldbindingar Íslands verða þegar kemur að samdrætti í losun vegna landnotkunar til ársins 2030. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands er að tryggja að við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn verði tekið tillit til sérstöðu Íslands og tryggja að skoðuð verði sérstaklega áhrif aukinna krafna í nýrri LULUCF-reglugerð.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við MAR

Árleg losunarúthlutun (ESR)

Fyrir liggur reglugerð (ESB) 2023/857 sem breytir reglugerð ESB 2018/842 um sameiginlega ábyrgð á losun. Reglugerðin er hluti af „Fær í 55“ löggjafarpakka ESB og fjallar um skuldbindingar og uppgjorsreglur vegna losunar á beinni ábyrgð ríkja (e. effort-sharing) frá 2021 til 2030. Helsta breytingin er að hvert ríki fær uppfært markmið fyrir árið 2030 og losunarheimildum verður endurúthlutað fyrir árin 2023-2030. Reglugerðin felur einnig í sér að árið 2030 verður stofnaður varasjóður með losunarheimildir sem einstök ríki geta fengið úthlutað úr ef að þau hafa ekki náð að standast sín markmið. Úthlutun úr sjóðnum kemur einungis til, ef ESB ríkjum tekst að ná 55% markmiði um samdrátt í losun. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands á þessu sviði er að tryggja að hlutdeild Íslands verði byggð á réttum forsendum og endurspegli þá möguleika sem Ísland hefur til að draga úr losun.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN

Vottunarramma sambandsins vegna fjarlægingar kolefnis (Union Carbon removal certification framework) [Nýtt]

Tillaga að reglugerð um þróun valfrjáls vottunarramma sambandsins fyrir fjarlægingu kolefnis með það að markmiði að hvetja til upptöku fjarlægingar kolefnis, þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki er virtur og markmið um núll losun náist. Vottunarramminn verður nýttur til að styðja við markmið ESB um kolefnishlutleysi 2050 samkvæmt Parísarsamningnum. Meginmarkmið tillögunnar er að tryggja hágæða kolefnisfjarlægingar innan ESB og að koma á fót vottunarkerfi svo hægt sé að beita og framfylgja gæðaviðmiðum ESB á áreiðanlegan og samræmdan hátt, með það að markmiði að forðast grænþvott. Tillagan á við um eftirfarandi starfsemi; kolefnisfjarlægingu með ræktun, kolefnisbindingu í vörum og geymslu kolefnis í jarðmyndunum. Tillagan er ekki merkt EES-tæk en þar sem hún tengist náið öðrum gerðum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn varðar hún íslenska hagsmuni. Mikilvægt að Ísland fylgist með framgangi þeirrar vinnu og að íslensk verkefni á þessu sviði geti fallið að regluverkinu.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við MAR

Kolefnishlutlaus iðnaður (Net Zero Industry Act) [Nýtt]

Í mars 2023 kynnti framkvæmdastjórnin tillögu að nýrri reglugerð sem mælir fyrir um aðgerðir til að styrkja kolefnishlutlausan iðnað (Net Zero Industry Act). Tillagan er liður í því að tryggja að ESB nái markmiði sínu í loftslagsmálum og stuðla að orkuöryggi innan sambandsins. Til að stuðla að markmiði ESB um kolefnishlutleysi leggur framkvæmdastjórnin til að gera þeim sem þróa kolefnishlutlausar tækni auðveldara fyrir. Í því felst m.a. að draga úr stjórnsýslubyrði sem felst til að mynda í því að kveðið verði á um einfaldari og skilvirkari leyfisveitingarferla. Tæknin sem fellur m.a. undir gerðina er kolefnisföngun og geymsla. Þá er lagt til að setja einsleitt markmið um kolefnisgeymslu innan EES.

Tillagan setur fram aðgerðir fyrir nýsköpun og aukna framleiðslu kolefnishlutlausrar tækni sem stuðlar að því að ná markmiði ESB um a.m.k. 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, miðað við 1990 og um kolefnishlutleysi árið 2050. Tillagan er hluti af áætlun framkvæmdastjórnarinnar að aðgerðum sem mælt er fyrir um í stefnu ESB til að stuðla að grænum atvinnurekstri (e. European Green Deal Industrial Plan). Markmið tillögunnar er að árið 2040 verði framleiðslugeta í ESB fyrir nýstárlega kolefnishlutlausar tækni, sem tiltekin er í viðauka 1 við reglugerðina, að nalgast eða muni ná a.m.k. 40% af árlegri þörf ESB. Reglugerðin mælir fyrir um hvað sé talinn vera kolefnishlutlaus tækni og nýstárleg kolefnishlutlaus tækni. Þá mælir tillagan jafnframt fyrir um árlegt markmið um 50 milljón tonna geymslu koldíoxíðs fyrir árið 2030 á geymslusvæðum innan EES og efnahagslögsögu svæðisins. Hins vegar kveður tillagan á um forgang kolefnishlutlausra verkefna og einfaldara leyfisveitingarferli innan stjórnsýslunnar sem er jákvætt fyrir tækni sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og gæti því hugsanlega átt heima undir XX. viðauka EES-samningsins og ýmislegt í tillögunni getur varðað íslenska hagsmuni. Þá er gerðin væntanlega jákvæð fyrir nýsköpun á Íslandi. Meta þarf EES-tæki gerðarinnar.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samvinnu við MVF og HVIN

Mikilvæg hráefni (Critical Raw Materials Act) [Nýtt]

Tillaga að reglugerð um mikilvæg hráefni (e. *Critical Raw Materials Act*) var lögð fram samhliða tillögu að reglugerð um kolefnishlutlausan iðnað (e. *Net Zero Industry Act*). Markmið tillögunnar er að tryggja framboð og aðgang að mikilvægum hrávörum innan ESB en nægt framboð ýmissa mikilvægra hráefna er nauðsynlegt vegna grænna og stafrænna umskipta, geimáætlunar ESB, varnarmála og svo mætti lengi telja. ESB er háð innflutningi á ýmsum mikilvægum hráefnum og í sumum tilvikum hafa birgjar í einstökum ríkjum utan EES hálfgerða einokunarstöðu. Reglugerðinni er ætlað að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að vera háður tilteknum birgjum að þessu leyti með því að auka eigin framleiðslu mikilvægra hráefna og endurvinnslu slíkra efna og auka fjölbreytni í aðfangakeðjum. Til að ná þessu fram á að nýta styrkleika innri markaðarins og alþjóðlegt samstarf, sbr. meðal annars áform um að koma á fót vettvangi samstarfsríkja á sviði mikilvægra hráefnaviðskipta (e. *Critical Raw Materials Club*) og eru töluleg markmið sett fram í þeim efnum. Samhliða er reglugerðinni ætlað að styðja við nýsköpun og rannsóknir á þessu sviði. Í viðaukum I og II með tillögunni eru þær hráefnategundir sem teljast mikilvægar taldar upp og skilgreindar. Reglugerðartillögunni fylgir orðsending frá framkvæmdastjórninni þar sem nánar er gerð grein fyrir stefnumörkun á sviði mikilvægra hráefna.

Meta þarf EES-tæki gerðarinnar. Hins vegar kveður tillagan á um mikilvægi verkefna sem stuðla að framboði og aðgangi að mikilvægum hráefnum og einfaldara leyfisveitingarferli innan stjórnsýslunnar fyrir slík verkefni. Þrátt fyrir að Ísland sé ekki land sem er ríkt af náttúrlegum hráefnum svo sem málmum og öðrum efnasamböndum, tekur gerðin til verkefna sem tengjast frekari vinnslu á slíkum efnum sem og endurvinnslu þeirra – m.a. sem unnin eru hér á landi eða gætu verið unnin hér á landi í framtíðinni. Ýmislegt í tillögunni getur því varðað íslenska hagsmuni beint.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: *HVIN í samvinnu við URN og MVF*

Hreinsun á skólpi frá þéttbýli [Nýtt]

Framkvæmdastjórn ESB lagði þann 26. október 2022 fram tillögur um strangari reglur um fráveitur sem hluta af vinnu að endurskoðaðri/nýrri tilskipun um hreinsun á skólpi frá þéttbýli. Ný tilskipun myndi koma í stað eldri tilskipunar frá 1991 (innleidd að hluta með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi) sem þegar eru hluti af samningnum. Markmið nýju tilskipunarinnar er víðtækara en áður. Auk hreinsunar á skólpi til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi þá er markmið tilskipunarinnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá hreinsistöðvum en tilskipunin setur fram ákvæði um að hreinsistöðvar þurfi að vera sjálfbærar um orku. Þá er markmiðið m.a. að stuðla að reglulegri vöktun á mælipáttum sem snúa að lýðheilsu. Í grundvallaratriðum er grunnur tilskipunarinnar sá sami en verið er að bregðast við ýmsum nýjum áskorunum sem núverandi tilskipun hefur ekki náð til, svo sem losun á öðrum mengandi efnum en lífrænu efni og næringarefnum (örplasti, forgangsefnum og lyfjaleifum), hreinsun á ofanvatni og hreinsun frá minni þéttbýlum en 2.000 þe. Nýja tilskipunin er hluti af stærri heildarstefnumörkun og aðgerðapakka Evrópusambandsins - Græna sáttmálanum (e. EU Green Deal), og öðrum aðgerðum sem miða að því að draga úr mengun í umhverfi. Þar á meðal má nefna aðgerðaáætlun um núllmengun (e. Zero Pollution action plan), samþættingu á kröfum vatnatilskipunarinnar, tilskipun um umhverfisgæðakröfur í vatni og tilskipun um grunnvatn. Hún tengist einnig endurskoðun á tilskipun um losun frá iðnaði og bókhaldi sem fyrirtæki þurfa að halda um útstreymi mengandi efna frá starfsemi sinni (E-PRTR) hvað varðar mengun frá iðnaði svo og áætlun um hringrásarhagkerfi varðandi notkun á seyru og endurnýtingu vatns. Einnig á ný tilskipun að vinna að því að uppfylla markmið efnastefnu ESB og stefnu ESB um lyfjaleifar í umhverfinu með því að draga úr losun mengandi efna í vatn. Þá tengist nýja tilskipunin einnig stefnu ESB um líffjölbreytileika, þar sem mengun í vatni hefur bein áhrif á lífríki, og fyrirhugaðri löggjöf ESB um endurheimt náttúru,

sem leggur áherslu á grænni borgir og tengist innleiðingu á náttúrumiðuðum lausnum við hreinsun á t.d. ofanvatni og skólpi. Reglur á sviði fráveita hafa mikil áhrif á sveitarfélögin sem bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna og mikilvægt að fylgjast vel með og koma áherslum Íslands á framfæri. Ljóst er að Ísland getur ekki samþykkt upptöku gerðarinnar í EES-samninginn án efnislegra aðlagana sem taka tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi og að kostnaður sé í samræmi við ávinning innleiðingar.

Í löggjafarferli hjá ESB

Ábyrgt ráðuneyti: URN

Heilbrigðismál

Endurskoðun á mannalyfjalöggjöf

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðaðri lyfjalöggjöf voru birtar 26. apríl 2023 og samanstanda af tveimur gerðum, reglugerð og tilskipun. Meginmarkmið endurskoðunarinnar eru að tryggja nægt framboð lyfja og aðgengi að þeim á sanngjörnu verði óháð búsetu, koma í veg fyrir lyfjaskort, hvetja til nýsköpunar, m.a. á sviðum þar sem meðferðarúrræði skortir, hagnýta nýjar vísinda- og tækniáferðir sem koma fram á sjónarsviðið og auka samkeppnishæfni lyfjaiðnaðarins með einföldun kerfisins á sama tíma og tekið er aukið tillit til umhverfissjónarmiða. Íslenskir hagsmunir miðast við smæð íslenska markaðarins. Tryggja þarf aðgengi að lyfjum og koma í veg fyrir lyfjaskort, einföldun á stjórnáslu og hvata fyrir markaðssetningu lyfja á smærri markaðssvæðum. Fram komnar tillögur fela í sér heimild fyrir notkun rafræna fylgiseðla með lyfjum í stað pappírseðla. Ísland hefur beitt sér markvisst fyrir því um árábil á vettvangi ESB að notkun slíkra seðla yrði heimiluð. Rafrænar fylgiseðlar styðja við hagsmuni smárikja og lítilla málsvæða. Fylgjast þarf með framgangi tillagnanna, sérstaklega breytingum um aðgengi að nauðsynlegum lyfjum, m.a. að heimild um rafræna fylgiseðla nái fram að ganga, og sjá til þess að hagsmunir smárikja eins og Íslands verði tryggðir.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: HRN

Næringarmerkingar matvæla

Reglur um merkingar á matvælum er að finna í reglugerð ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Tilgangur reglugerðarinnar er að upplýsa neytendur um innihald matvæla með skýrum merkingum á matvælum. Framkvæmdastjórn ESB hefur tilkynnt að endurskoða eigi reglur um upplýsingar sem neytendum eru veittar. Markmiðið með því er að tryggja betri merkingar og því betri upplýsingar til neytenda um matvæli til neyslu. Breyting á reglugerðinni er liður í svokallaðri „Farm to Fork“ (F2F) stefnu en henni er ætlað að tryggja umskipti í sjálfbært matvælakerfi innan ESB sem verndar fæðuöryggi og tryggir aðgang að hollum matvælum. Í september 2021 var lögð fram tillaga um sjálfbærnimerkingar (e. Sustainability Labelling Framework). Tillagan er hluti af framtakinu um sjálfbært matvælakerfi og að innleiða sjálfbærni í allar matvælastefnur. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar var opin fyrir samráð til október 2021 en dregist hefur að koma fram með tillögu að nýju merkingarkerfi þar sem skoðanir eru skiptar í aðildarríkjunum um hvaða kerfi verður fyrir valinu. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands er fylgjast vel með þeim tillögum sem fram koma um merkingar. „Nutri-Score“ merkið sem er ein þeirra merkinga sem verið er að skoða hvort gera eigi að skyldumerkingu. Áherslur Íslands eru líkari Norðurlöndunum heldur en mið- og suður Evrópu þegar það kemur að næringarráðleggingum. Mikilvægt er að reyna að koma

sjónarmiðum Íslands á framfæri þannig að tekið verði tillit til þeirra í matvælamerkingum, einkum ef merkingarnar verða lögbundnar en ekki valkvæðar. En ESB leggur áherslu á að merkingarnar verði bæði lögbundnar og samræmdar á öllu EES svæðinu.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MAR

Sýklalyfjaónæmi

Evrópsk aðgerðaáætlun gegn sýklalyfjaþoli (e. the new EU One Health Action Plan against AMR) var kynnt í júní 2017. Markmið áætlunarinnar er að takast á við vandann sem felst í því að bakteríur í dýrum og mönnum eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum en ekki síður að vinna að ramma fyrir framtíðaraðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi sem nýtast við stefnumótun og setningu viðeigandi reglna á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin hefur í því sambandi lagt áherslu á endurskoðun löggjafar, m.a. um dýraheilbrigði og um tilkynningar um smitsjúkdóma hjá mönnum, með tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda. Framkvæmdastjórnin hefur einnig sett í forgang að skilgreina og meta ónæmar bakteríur sem valda smitandi dýrasjúkdómum undir nýju dýraheilbrigðislöggjöfnni og með stuðningi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), og jafnframt ef nauðsyn þykir að þróa samræmdar reglur um eftirlit með þeim. Einnig á að bæta greiningu á sýklalyfjaþoli í heilbrigðisgeiranum með því að styðja við samvinnu aðildarríkjanna og tilvísunarrannsóknarstofur. Nú þegar má sjá afurðir þessarar vinnu sem náð hafa til Íslands í gegnum EES-samninginn eins og t.d. reglugerð um dýralyf og reglugerð um markaðssetningu lyfjablandaðs fóðurs. Í júní 2023 gaf ESB út tilmæli (9581/23) um að flýta fyrir aðgerðum til að berjast gegn sýklalyfjaónæmi. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands á þessu sviði er að fylgjast með því hvort lögð verði fram heildstæð eða sértæk löggjöf um sýklalyfjaónæmi. Mikilvægt er að vakta löggjafarferlið á fyrri stigum svo hægt sé að koma viðeigandi athugasemdum á framfæri við ESB og gæta hagsmuna Íslands.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MAR

Orkumál

Endurskoðun orkulöggjafar ESB undir yfirskriftinni „hrein orka fyrir alla Evrópubúa“ (e. Clean energy for all Europeans) liggur fyrir. Hreinorkupakkinn sem um ræðir eru tilskipanir og reglugerðir um orkunýtni bygginga, endurnýjanlega orku, orkunýtni, eftirlits- og stjórnunarkerfi og fjórar gerðir um raforkumarkaðsmál. Hreinorkupakkanum er ætlað að stuðla betur að orkuskiptum og til að uppfylla skyldur Parísarsáttmálans um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sem fyrr er leiðarljós regluverksins að bæta hag neytenda og umhverfisins ásamt því að efla hagkerfið. Gæta þarf að hagsmunum Íslands við upptöku gerðanna í EES-samninginn. Endurskoðun orkugerða undir heitinu „Fær í 55“ (e. Fit for 55) felur í sér endurskoðun á tilskipunum um endurnýjanlega orku, orkunýtni, orkunýtni bygginga og tilskipun um óhefðbundið eldsneyti ásamt nýrri tilskipun um flugeldsneyti.

Raforkumarkaðsmál

Eftirfarandi gerðir eru hluti af hreinorkupakka ESB og varða raforkumarkað;

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB (endurútgáfa)

Í tilskipun (ESB) 2019/944, sem leysir af hólmi raforkutilskipun 2009/72/EB (þriðja raforkutilskipun ESB), eru settar fram sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning, dreifingu, orkugeymslu og afhendingu rafmagns, ásamt ákvæðum um neytendavernd. Markmið tilskipunarinnar er að efla samkeppnismarkað á sviði raforku og stuðla að hagstæðu og gegnsæju orkuverði fyrir neytendur, auka orkuöryggi og tryggja sjálfbært og loftslagsvænt orkukerfi. Í tilskipuninni eru settar meginreglur um starfsemi raforkukerfisins og þá sérstaklega reglur um valdeflingu neytenda og neytendavernd, um aðgang að raforkumarkaði og aðgang að flutnings- og dreifikerfum, eigendaaðskilnað og reglur um sjálfstæði raforkueftirlits. Þá eru settar fram leiðir fyrir ríkin, eftirlitsaðila og flutningskerfisstjóra til að eiga samstarf sín á milli sem leiði til samtengds innri markaðar sem eykur hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa, styður við frjálsa samkeppni og aukið orkuöryggi. Nýmæli í tilskipuninni varða orkufátækt, virka neytendur, snjallmæla og snjallnet, orkugeymslur og innviði fyrir rafbíla. Skýrari reikningagerð er hluti af neytendaverndinni sem er að finna í tilskipuninni. Opnað er fyrir möguleika svokallaðra orkusamfélaga sem eru félög sem sett eru á laggirnar til að framleiða og nota eigin orku og geta einnig verið virk á raforkumarkaði. Þessi samfélög geta öðlast rétt til að starfa sem dreifiveitur. Nýjar skyldur eru lagðar á dreifiveitur sem skulu leggja fram kerfisáætlun á minnst tveggja ára fresti. Með auknum fjölbreytileika í dreifikerfinu, vegna nýrra orkukosta, er þörf á auknum sveigjanleika dreifikerfa. Vegna þessa skal regluverkið stuðla að betri sveigjanleika og orkunýtingu í dreifikerfum. Dreifikerfi eiga einnig að auðvelda tengingar fyrir hleðslustöðvar. Ný samtök evrópskra dreifiveitna verða sett á laggirnar sem eru samsvarandi samtökum flutningsfyrirtækja (ENTSOE). Í tilskipuninni er kveðið á um að kerfisáætlun flutningsfyrirtækis skuli vera lögð fram til eftirlitsaðila á tveggja ára fresti hið minnsta, í stað árlega. Eftirlitsaðili (raforkueftirlit) fær nokkur ný eftirlitsverkefni tengd virkum sveigjanlegum markaði og orkuöryggi, t.d. varðandi kerfisþjónustu, yfirsýn yfir fjárfestingar í orkugeymslum og þróun snjallneta.

Samþykkt innan ESB.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 frá 5. júní 2019 um innri markaðinn fyrir raforku (endurútgáfa)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 um innri raforkumarkað er endurútgáfa reglugerðar (EB) nr. 714/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri. Nýja reglugerðin fjallar almennt um starfsemi fyrirtækja á raforkumarkaði og er þannig víðtækari og fjallar um fleiri atriði en sú fyrri sem fjallaði um viðskipti yfir landamæri með raforku. Reglugerðin setur fram meginreglur varðandi frjálsa verðmyndun á markaði, sveigjanleika, virka neytendur og tengingar milli landa. Nýmæli í reglugerðinni eru reglur varðandi álagsjöfnun, kauphallir, álagsdreifingu, flutningsgetu, afltryggingar og mat á orkuöryggi. Samkvæmt reglugerðinni skal stuðla að auknu samstarfi flutningskerfisstjóra og eftirlitsaðila. Skýrar er kveðið á um hlutverk samtaka flutningsfyrirtækja í Evrópu (ENTSOE). Svæðisbundið samstarf flutningsfyrirtækja er aukið með tilkomu svæðisbundinna samhæfingarstöðva. Evrópsk samtök dreifiveitu fyrirtækja (DSO) eru sett á laggirnar. Reglugerðin opnar fyrir möguleika á setningu netmála á fleiri sviðum en áður, þ.á m. varðandi notkunarsvörun, afhendingarskerðingar, kerfisþjónustu, orkugeymslu, gögn og netöryggi. Nýmæli lúta einnig að nýjum viðmiðum við aðferðarfræði í setningu og uppbyggingu gjaldskráa og ný ákvæði sem tilgreina hvers konar kostnaður skuli falla utan við leyfðan kostnað flutnings- og dreififyrirtækja við ákvörðun gjaldskrár.

Samþykkt innan ESB.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/942 frá 5. júní 2019 um að koma á fót Evrópusambandsstofnun um samstarf eftirlitsaðila á orkumarkaði (endurútgáfa)

Reglugerð (ESB) 2019/942 leysir af hólmi eldri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 sem kom á fót samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER). Í reglugerðinni er að finna ákvæði um lagalega stöðu stofnunarinnar, samsetningu og ákvarðanir stofnunarinnar, m.a. gagnvart landsbundnum stjórnvöldum. ACER fær með reglugerðinni aukið hlutverk í vinnslu netmála og framsetningu þeirra til framkvæmdastjórnar ESB. ACER fær aukið hlutverk í tengslum við samevrópskt mat á orkuöryggi (aflskortur og viðbragðsáætlanir) í samráði við ENTSOE sem er áfram í hlutverki tæknilegs ráðgjafa. Þá munu dreifiveitur og samtök þeirra taka þátt í þróun netmála.

Í mars 2023 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur um endurskoðun raforkumarkaðsgerða til að flýta upptöku endurnýjanlegra orkugjafa og verja neytendur fyrir óhóflegum verðhækkunum og markaðsmisnotkun. Einnig er stefnt að því að því að evrópskur iðnaður fari enn frekar í orkuskipti og verði sama tíma samkeppnishæfari. Tillögupakki þessi er tilkominn sem svar við þeirri orkukreppu sem hefur verið í Evrópu vegna árásarstríðs Rússa í Úkraínu. Þær gerðir sem falla hér undir eru tilskipun (ESB) 2019/944, reglugerð (ESB) nr. 2019/943 og REMIT reglugerð um markaðsmisnotkun nr. 1227/2011.

[Samþykkt innan ESB.](#)

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samstarfi við UTN

[Orkunýtni](#)

Tilskipun um orkunýtni, EED-tilskipun (ESB) 2012/27 hefur verið uppfærð með breytingum frá 2018/2002 og endurskoðuð í október 2023. Ísland hefur óskað eftir aðlögun frá veigamiklum greinum tilskipunarinnar á grundvelli þess að tilskipunin eigi ekki við orkukerfi Íslands sem nýtir orku af endurnýjanlegum uppruna í raf- og hitaveitum. Meginmarkmið EED tilskipunar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og innflutningi á orku/eldsneyti. Í röksemdum Íslands var, fyrir utan sérstöðu orkukerfisins, rakið að vegna smæðar raforkufyrirtækja og lágs raforkukostnaðar þá væru aðgerðir ekki kostnaðarhagkvæmar, hvorki fyrir neytendur né fyrirtæki. Í samningaviðræðum við ESB er sérstaða orkukerfisins dregin fram og er hluti af því vinna við gerð áhrifamats (e. impact assessment).

[Samþykkt innan ESB.](#)

Ábyrgt ráðuneyti: URN

[Orkunýtni bygginga](#)

Hluti af hreinorkupakka ESB. Tilskipun 2018/844/EU um breytingu á tilskipun 2010/31/EU um orkunotkun bygginga (EPBD) er hluti af hreinorkupakka ESB. Ísland er með undanþágu frá tilskipuninni frá 2010. Undanþágan er skilyrt að því leyti að Ísland þarf að taka til greina nýmæli í nýrri tilskipun 2018/844/EU, t.a.m. er lúta að snjallvæðingu bygginga og hleðslumöguleikum fyrir rafbíla.

[Samþykkt innan ESB.](#)

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samstarfi við IRN

Eftirlits- og stjórnunarkerfi

Hluti af hreinorkupakka ESB. Reglugerð 2018/1999 (EU) snýr að eftirlits- og stjórnkerfi (e. governance) og samræmir orku- og loftslagsáætlanir ríkjanna um hvernig þau muni uppfylla markmið sín til 2030. Ríkin setja fram tíu ára landsaðgerðaráætlanir um orku og loftslagsmál (e. national energy and climate plan, NECP). Markmiðið er að draga úr skrifinnsku með því að samræma kröfur um skýrslugjöf sem er að finna í aðskildri lagasetningu á orku- og loftslagssviði. Þá eru ekki lengur sett ákveðin landsmarkmið eins og finna mátti í RES-tilskipun, heldur mun samtál eiga sér stað milli ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB um hvernig landsáætlanir miða að því að ná sameiginlegum orku- og loftslagsmarkmiðum fyrir árið 2030. Sá hluti reglugerðarinnar er lýtur að loftslagsákvæðum hefur verið tekinn upp í EES-samninginn undir Bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.

Samþykkt innan ESB

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samstarfi við UTN

Endurnýjanlegir orkugjafar

ESB hefur lagt fram nýjar tillögur á undanförmum árum sem hækka markmið sambandsins um endurnýjanlega orkugjafa. Tillögur þessar eru hluti af Græna sáttmála ESB og „Fær í 55“ löggjafarpakka ESB, sem er settur til að ná markmiðum Græna sáttmálans, og svo nýjustu áætluninni frá 2022 sem ber heitið REPowerEU. Tilgangurinn er að ná hertum loftslagsmarkmiðum sem gera ráð fyrir að draga úr losun koltvíoxíðs um 55% fyrir árið 2030 miðað við árið 1990 og auka orkusjálftæði sambandsins sem svar við þeirri orkukreppu sem kom upp með stríðinu í Úkraínu. Tilskipun RED II (2018/2001) gerði ráð fyrir 32% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa fyrir árið 2030 en uppfært markmið er 45%.

Eftirfarandi ákvæði og kröfur þarf að skoða m.t.t. íslenskra hagsmuna:

- Tæknilegar kröfur er tengjast vetni, rafeldsneyti og lífeldsneyti sem gæti verið framleitt á Íslandi. Ýmsar breytingar eru gerðar á skilgreiningum og útreikningum fyrir eldsneyti af ólífrænum uppruna.
- Sett eru skilyrt ákvæði um samstarfsverkefni yfir landamæri og samstarf ríkja um orkuvinnslu á hafsvæðum.
- Endurnýjanleg orka fyrir byggingar. Ísland hefur undanþágu frá kvöðum sem er að finna í tilskipun um orkunýtni bygginga. Skoða þarf hvernig viðhalda skuli þeim undanþágum.
- Lágmarkshlutdeild endurnýjanlegrar orku og hráefni til iðnaðar. Orkumerkingar fyrir framleiðsluvörur sem gefa til kynna notkun endurnýjanlegrar orku eða eldsneytis í framleiðsluferlinum.
- Sett eru ákvæði sem styðja við gerð langtíma-raforkusölusamninga (e. power purchase agreements).
- Hitaveitur og glatvarmi. Settar eru fram kröfur um samþættingu hita- og dreifikerfa rafmagns. Gæta þarf að því að kröfur verði ekki settar sem henta ekki innlendum aðstæðum hitaveitna. Skoða í því samhengi kröfur um tengingar þriðja aðila og samspil við dreifi- og flutningskerfi. Skoða sérstaklega hvort íslenskar hitaveitur falli áfram undir undanþágur vegna hárrar hlutdeildar endurnýjanlegrar orku.
- Eldsneyti í samgöngum. Auknar kvaðir eru um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og undirmarkmið um hlutdeild þróaðs lífeldsneytis og rafeldsneytis. Hvatakerfi/viðskiptakerfi er sett á laggirnar sem heimilar viðskipti milli rafhleðslusala og söluaðila eldsneytis. Sjálfbærni viðmið fyrir lífeldsneyti eru hert.
- Ýmis ákvæði eru um styttingu leyfisferla sem þyrfti að skoða með stofnunum.

- Afleidd reglugerð um rafeldsneyti RFNBO tekur ekki tillit til innlendra jarðvarmavirkjana og skoða þarf aðlögun í vinnuhópi um orkumál.
- Mikilvægt er að fylgjast með breytingum á kerfi upprunaábyrgða og stöðu Íslands. Halda þarf á lofti að ekki eigi að meðhöndla Ísland sem þriðja ríki skv. 19 gr. tilskipunarinnar.
- Sett hefur verið fram tillaga um reglugerð COM(2022/591) sem setur fram reglugerðarramma til að flýta upptöku endurnýjanlegra orkugjafa. Þá eru sett hámarkstímákvæði fyrir leyfismál fyrir aflaukningu virkjana, varmadælur og sólarorkuver.
- Ástæða er til að fylgjast sérstaklega með áformum um lagasetningu varðandi varmadælur (EU Heat Pump Action Plan) kröfum til þeirra almennt og að 40% uppruna þeirra sé að finna í Evrópusambandslöndunum (Green Deal Industrial Plan).

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: URN í samstarfi við IRN og UTN

Sjálfbært flugeldsneyti

Reglugerð (ESB) 2023/2405 um sjálfbært flugeldsneyti felur í sér töluvert auknar kröfur til aðila sem tengjast afgreiðslu og notkun flugvélaeldsneytis. Einnig felur hún í sér aukið hlutverk lögbærra yfirvalda á Íslandi á sviði eftirlits. Hlutverk reglugerðarinnar er að draga úr jarðefnaeldsneytisnotkun flugsamgangna og jafna stöðu aðila á þeim markaði innan ESB. Að teknu tilliti til markmiða Íslands í loftslagsmálum snýr hagsmunagæsla á þessu sviði einkum að þremur atriðum. Í fyrsta lagi að koma eins og hægt er í veg fyrir að skuldbindingar sem Ísland undirgængist við innleiðingu gerðarinnar leiði til þess samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar á milli EES og Norður-Ameríku skerðist samanborið við aðra evrópska flugvelli og bein flug yfir Atlantshafið eða flug frá EES sem nýtir tengiflugvelli í N-Ameríku. Í öðru lagi að íslenskur almenningur og ferðaþjónustan taki ekki á sig byrðar umfram það sem almennt gerist innan EES í ljósi þess að flug er í raun eini ferðamátinn frá Íslandi til annarra landa. Í þriðja lagi að innleiðing gerðarinnar leiði ekki til kolefnisleka. Sérstaklega þarf að vakta samanlögð áhrif þessarar reglugerðar og nýlegra breytinga á viðskiptakerfi með losunarheimildir er varða flug. Aðlögunarvinna fer fram í vinnuhópi EFTA um samgöngur sem er á forræði IRN.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: IRN í samvinnu við URN

Peningaþvætti

Miðlægur eftirlitsaðili aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu

Framkvæmdastjórnin setti á árinu 2021 fram pakka sem inniheldur þrjár tillögur að reglugerðum og eina að tilskipun. Um er að ræða reglugerð um breytingu á reglugerð 2015/847 um upplýsingar sem fylgja eiga millifærslum fjármuna (sýndareignir o.fl.), sem hefur verið samþykkt og til stendur að taka upp í í EES-samninginn á næstunni. Aðrar tillögur eru enn til meðferðar, þ.e. tillaga að reglugerð um miðlægan eftirlitsaðila með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Anti-Money Laundering Authority - „AMLA“), reglugerð um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og loks tilskipun um aðgerðir sem aðildarríki eiga að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (sjötta peningaþvættistilskipunin). Gera má ráð fyrir að hluti þessara tillagna muni hafa talsverð áhrif hér á landi og kalla á breytingar á löggjöf, nái þær fram að ganga.

Hagsmunagæsla Íslands snýr fyrst og fremst að fyrirætlunum um hinn miðlæga eftirlitsaðila og stjórnskipulagi þeirrar stofnunar. Hafa þarf hliðsjón af tveggja stöða lausninni, sem byggt var á við innleiðingu hins evrópska eftirlitskerfis á fjármálamarkaði.

Þær upplýsingar sem liggja fyrir um tímaramma þessara tillagna eru að, fari svo að þær verði samþykktar á árinu 2024, taki þær gildi snemma ársins 2027. Í desember árið 2023 náðist samkomulag til bráðabirgða um að koma stofnuninni á laggirnar en tillögurnar eru að öðru leyti enn í sama ferli.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: DMR í samstarfi við FJR

Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

Fjölmiðlafrelsi

Tillaga að reglugerð um fjölmiðlafrelsi var lögð fram af framkvæmdastjórninni í september 2022. Tillagan miðar að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir stofnun og rekstri fjölmiðla ásamt því að koma á sameiginlegum reglum til að efla innri markaðinn að því er varðar málefni fjölmiðlaþjónustuveitenda með það að markmiði að vernda sjálfstæði, frelsi og fjölhyggju fjölmiðlanna í Evrópusambandinu. Tillagan á að mæta þeim mun sem er á reglum aðildarríkjanna er varða fjölraði fjölmiðla og samvinnu á milli sjálfstæðra eftirlitsaðila á sviði fjölmiðla, og sem varða afskipti af eignarhaldi, stjórnun og/eða rekstri fjölmiðla með því að setja sameiginlegar reglur í Evrópusambandinu.

Með tillögunni er brugðist við stöðu og þróun fjölmiðlaumhverfisins undanfarin ár sem vakið hefur áhyggjur. Í tillögunni er lögð áhersla á sjálfstæði fjölmiðla, tryggja fjármögnun fjölmiðla í almannaþjónustu, gagnsæi eignarhalds yfir fjölmiðlum og úthlutun stjórnvalda á auglýsingafé. Þá eru lögð til ákvæði um mat á fjölmiðlasamstæðum og lagt til að setja á fót nýtt sjálfstætt Evrópskt fjölmiðlaráð (e. European Board for Media Services). Auk þess eru lagðar til verndarráðstafanir gegn pólitískum afskiptum af ritstjórnarákvörðunum og eftirliti og ráðstafanir til að vernda sjálfstæði ritstjóra og til að upplýsa um hagsmunaárekstra auk þess að gera þeim auðveldara að starfa yfir landamæri.

Tillagan helst í hendur við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina sem og reglugerðina um stafræna þjónustu (e. Digital Service Act). Í tillögunni er fjölmiðlaefni sem framleitt er með faglegum hætti verndað gegn því að vera fjarlæggt af netinu með óréttmætum hætti af mjög stórum netþjónustuveitendum. Allt útlit er fyrir að tillagan verði samþykkt sem reglugerð í vor. Reglugerðin getur haft mikil áhrif á starfsumhverfi fjölmiðla hér á landi. Ákvæði reglugerðarinnar geta m.a. orðið til þess að breyta þurfi X. kafla A um eignarhald fjölmiðla í fjölmiðlalögum nr. 38/2011. Verði reglugerðin ekki innleidd í EES rétt getur það haft þær afleiðingar að fjölmiðlafólki hérlendis séu ekki tryggð sömu tækifæri og sama trausta umhverfi og fjölmiðlafólki innan ESB. Tillagan á enda að mæta þeim áskorunum sem fjölmiðlar standa frammi fyrir, m.a. í ljósi þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa á undanförunum árum og því hvernig einstaklingar nálgast efni fjölmiðla.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MVF

Samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2021-2027

Reglugerðirnar um samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2021-2027 hafa verið samþykktar og voru teknar upp í EES-samninginn í september 2021. Ísland tekur þátt í Horizon Europe (rannsóknir og nýsköpun), Erasmus+ (menntun-, æskulýðs-, íþrótt- og alþjóðaáætlanir ESB), Digital Europe Programme (stafræn umbreyting), Life Programme (umhverfið, vernd heilsu manna og sjálfbær nýting), Civil Protection (almannavarnir), Single Market Programme (efling innri markaðarins, samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, neytendavernd og valdefling neytenda og hagtlugerð), EU4Health (heilbrigðismál), Creative Europe (menningar- og kvikmyndaáætlun ESB), European Solidarity Corps (sjálfbodaliðastarf og samfélagsverkefni ungs fólks á aldrinum 18-30 ára), European Social Fund+ (atvinnumál og félagsleg nýsköpun) og InvestEU (fjármögnun og fjárfestingar á sviði nýsköpunar, sjálfbærrar uppbyggingar innviða og stafrænna umbreytinga). Einnig var ákveðið að taka þátt í Secure Connectivity Programme (örygg fjarskipti um gervihnött) og eru formlegar samningarviðræður að hefjast, en gert er ráð fyrir að þeim ljúki á árinu. Mikilvægt er að fylgjast áfram vel með framkvæmd áætlanna þar sem ýmsir þættir eru enn óútfærðir af hálfu ESB. Umfang áætlanna hefur aukist og því mikilvægt að gæta þess að ávinningur haldist í hendur við framlag Íslands til þeirra. Markmiðið með hagsmunagæslu Íslands er að tryggja að þátttaka Íslendinga í samstarfsáætlunum ESB, þ.m.t. í stjórnarnefndum og sérfræðingahópum, sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins, og að hámarka árangur og ávinning þátttökunnar á tímabilinu 2021-2027.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: HVIN, FJR, UTN, DMR, FRN, HRN, IRN, MAR, MVR, MRN og URN

Samgöngumál

Flutningar með hóp bifreiðum milli landa

Lögð hefur verið til breyting á reglugerð 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hóp bifreiðar með það að markmiði að efla þjónustu hópferðabifreiða sem raunhæfan valkost við einkabifreiðina. Reglugerðin tekur í dag til tímabundinna fólksflutninga (gestaflutninga) með hóp bifreiðum sem gerðar eru fyrir fleiri en níu farþega, af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki en flutningarnir fara fram í. Tillagan felur m.a. í sér að í ákveðnum tilvikum gildi reglugerðin um fólksflutninga af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki óháð því hvort um tímabundna flutninga sé að ræða. Þannig verði fyrirtækjum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum í ákveðnum tilvikum heimilað að stunda farþegaflutninga í gistiríki án takmarkana. Stefnt er að því að afnema akstursskrá en nýlegar breytingar á íslenskri löggjöf um gestaflutninga gera ráð fyrir akstursskrá sem eftirlitsskjali. Markmið með hagsmunagæslu er að reglugerðirnar gildi áfram aðeins um tímabundna flutninga auk þess að gestaflutningar verði skilgreindir á skýrari hátt en nú er, t.d. með því að takmarka slíka flutninga við ákveðinn dagafjölda sem samræmist íslenskri löggjöf. Þá ætti að stefna að því að ekki verði gengið lengra en þörf er á varðandi skyldu til að koma á fót sjálfstæðum eftirlitsaðila. Tillagan var lögð fram árið 2017. Aðildarríkin hafa ekki sýnt áhuga á framgangi tillögunnar og framkvæmdastjórnin hefur ekki fylgt henni eftir. Líklegt er að hún verði endurskrifuð eða dregin til baka.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: IRN

Upplýsingatæknimál

Stafræn starfsskrá

Upplýsingatæknimál eru ein af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Sett hefur verið af stað áttak til að efla stafræna þjónustu og undirbúa Ísland undir samfélag sem byggir á að leysa handafl af hólmi með hjálp tækni eins og sjálfvirknivæðingu og gervigreind. Áætlun ESB um að aðlaga sambandið að nýjum stafrænum tímum er því hagsmunamál fyrir Ísland. Í áætlun ESB eru stefnumál aðgerðir og tillögur að löggjöf sem snúa beint að þessu og eru settar undir málaflokkinn. Markmiðið með hagsmunagæslu á þessu sviði er að Stjórnarráðið beri tímanlega kennsl á snertifleti, nauðsynlega samhæfingu og aðgerðir, þ.m.t. forgangsröðun, svo og að sameinast um greiningu á þverfaglegum álitæfnum. Með skipulegri lágmarkssamhæfingu þvert á málefnasvið ólíkra ráðuneyta og reglubundnum upplýsinga- og skoðanaskiptum má stuðla að skýrari heildarsýn og forgangsröðun á hverjum tíma hvað stafræna umbreytingu varðar.

Ýmist samþykktar gerðir innan ESB eða í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FJR í samstarfi við DMR, FOR, HVIN og MVF

Stafrænir markaðir

Reglugerð um stafræna markaði (e. Digital Markets Act) var samþykkt hjá ESB haustið 2022. Gerðin varðar starfsemi stórra og umfangsmikilla aðila (e. gatekeepers) sem reka stafræna vettvanga, svo sem hýsingaraðila, vefþjónustur, sölusíður, verslanir með smáforrit, bókunarsíður o.s.frv. og bjóða þjónustu við önnur fyrirtæki á innri á markaðnum sem felst í milligöngu milli seljenda og kaupenda vöru og þjónustu. Helsta markmið gerðarinnar er að tryggja aukna samkeppni á stafrænum mörkuðum með því að koma í veg fyrir að stórfyrirtæki misnoti markaðsstyrk sinn og að auðvelda nýjum aðilum að koma inn á markaðinn. Gerðinni er ætlað að tryggja gagnsæja og sanngjarna viðskiptahætti gagnvart bæði fyrirtækjum og neytendum. Í gerðinni felast álitæfni tengd tveggja stöða eðli EES-samningsins sem varða eftirlit og framkvæmd gerðarinnar. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin geti beitt fyrirtæki í aðildarríkjunum sektum án aðkomu eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjunum. Útfærsla á slíkri sektarheimild í landsrétt varðar stjórnskipuleg álitamál um framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Mikilvægt er að útfærsla eftirlits- og viðurlagaheimilda gagnvart aðilum með staðfestu í EES-EFTA-rikkjunum verði í samræmi við tveggja stöða eðli EES-samningsins. EFTA-rikin innan EES vinna nú að greiningu gerðarinnar m.t.t. upptöku hennar í EES-samninginn.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: MVF í samstarfi við HVIN

Gervigreind

Fyrir liggur tillaga að reglugerð um samræmdar reglur um gervigreind (e. artificial intelligence) sem er jafnframt fyrsta heildstæða löggjöf sinnar gerðar á heimsvísu. Meginmarkmið tillögunnar er að styðja við þróun og nýtingu gervigreindarlausna með því að setja regluramma um gervigreind, sérstaklega með tilliti til áhættuþátta varðandi nýtingu slíkrar tækni. Tillögunni er einnig ætlað að byggja upp traust varðandi nýtingu gervigreindar, með regluramma um nýtingu hennar. Tillagan byggir á sjónarmiðum um evrópsk samfélagsgildi og grundvallarréttindi einstaklingsins og er ætlað að stuðla að því að notendur geti treyst lausnum sem byggja á gervigreind, um leið og að hvetja til þróunar slíkra lausna. Gervigreind felur í sér mikla möguleika og ber að nýta í þágu samfélagsins með það að meginmarkmiði að bæta velferð fólks. Markmið með hagsmunagæslu Íslands snýr fyrst og fremst að því að fylgjast vel með þróun tillögunnar hjá ráðinu og Evrópuþinginu og áhrifum hennar á Íslandi. Einnig er mikilvægt

að tryggja að Ísland geti tekið þátt í alþjóðlegri samvinnu og samráði um gervigreind, til jafns við önnur aðildarríki ESB, t.a.m. með því að tryggja aðkomu að svokallaðri stjórnarnefnd um málefni gervigreindar (e. Artificial Intelligence Board) og öðrum einingum sem kunna að fara með gervigreindarmál. Þríhliðaviðræðum um gerðina lauk í desember 2023 og er beðið þess að formlegu samþykki verið lokið á vettvangi sambandsins.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: HVIN

Vinnumarkaðurinn

Almannatryggingar

Fyrir liggur tillaga um margvíslegar breytingar á gildandi almannatryggingareglugerðum ESB 883/2004 og 987/2009, með síðari breytingum, aðallega hvað varðar réttindi og bætur vegna atvinnuleysis, langtímaumönnunar, fjölskyldubætur, lagaskil og aðgengi að félagslegum greiðslum fyrir þá sem eru utan vinnumarkaða. Tillagan varðar breytingar á gildandi almannatryggingaákvæðum við för eða flutning milli EES-ríkjanna. Breytingarnar kunna að leiða til þess að breyta þurfi íslenskum lögum er varða almannatryggingar og geta kallað á aðlögun/sérþökun við reglugerðina og viðauka hennar. Tillagan leiðir einnig til þess að semja þarf um aðlögun við tiltekna nýja/breytta viðauka við reglugerðirnar, og getur einnig leitt til þess að taka þurfi upp Norðurlandasamninginn um almannatryggingar. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun málsins og niðurstöðu þess til að geta betur metið líkleg áhrif tillögunnar, verði hún samþykkt, m.a. á innlenda löggjöf, t.d. hvað varðar þörf á lagabreytingum, áhrif á réttindi fólks sem nýtir sér frjálsa för og á útgjöld ríkissjóðs.

Í löggjafarferli hjá ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FRN í samstarfi við FJR og HRN

Lágmarkslaun

Með tilskipun (ESB) 2022/2041 er mælt fyrir um viðeigandi lágmarkslaun innan ESB. Markmið er að setja reglur sem tryggja að lágmarkslaun séu virt og að launafólki sé tryggð viðeigandi vernd þegar kemur að launum og ákvörðun launa, hvort sem það er á grundvelli kjarasamninga eða samkvæmt lögum. Tilskipunin var ekki metin EES-tæk af hálfu EFTA-ríkjanna innan EES en borist hafa skilaboð frá framkvæmdastjórn ESB um að gerðin sé af þeirra hálfu talin falla undir gildissvið samningsins á grundvelli reglna um frjálsa för. Danmörk hefur höfðað mál á vettvangi dómstóls Evrópusambandsins til ógildingar á gerðinni þar sem hún fari út fyrir valdheimildir ESB.

Samþykkt innan ESB.

Ábyrgt ráðuneyti: FRN